Reykjavík, 8. febrúar 2021

Heilbrigðisráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Barneignarþjónusta - Stöðuskýrsla og tillögur starfshóps ráðherra
Mál nr. 5/2021 birt í Samráðsgátt þann 8.1.2021

Umsögn Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Heilbrigðisvísindasvið (HVS) lýsir yfir ánægju með skýrsluna, þá vinnu sem þar býr að baki og tillögur/tækifæri til úrbóta. HVS vill vekja athygli á umsögn ***Námsbrautar í ljósmóðurfræði*** sem starfar innan Heilbrigðisvísindasviðs í Hjúkrunarfræðideild.

Heilbrigðisvísindasvið telur mikilvægi samfelldrar þjónustu á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu ótvírætt frá sjónahóli bæði þjónustuþega og fagfólks sem sinnir þjónustunni. Sömuleiðis þarf að gæta jafnræðis um aðgengi að þjónustunni. Hér fara nokkur atriði sem HVS telur að betur megi fara.

Leggja þyrfti meiri áherslu á að leita leiða til að ná til verðandi foreldra og almennt á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn vanheilsu og á aðgerðir sem miða að heilsueflingu. Þetta á við fyrir og í meðgöngu og eftir fæðingu. Enda vel þekkt að fólk er oftast mjög móttækilegt fyrir slíkri fræðslu og góðum lífsstílsbreytingum á því tímabili þegar fjölskyldan stækkar, og myndu fjölskyldan og það barn sem í vændum er njóta góðs af. Huga mætti að því að bæta þessum þætti inn í kafla 4.2,4.3, 4,5, og 4.7 auk 6. kafla.

Leggja þyrfti meiri áherslu á fjarheilbrigðisþjónustu og -fræðslu, sem möguleikum til að jafna aðgengi að þekkingu og þjónustu. Fyrir þá hópa sem ekki hafa aðgengi heima að slíkum möguleikum ætti að koma upp tölvuverum í tengslum við heilbrigðisþjónustukjarna t.d. á landsbyggðinni. Undanfarið ár höfum við fengið mikla reynslu og þjálfun í notkun rafrænna samskipta sem getur nýst mjög vel hér.

Leggja hefði þurft meiri áherslu á aðgengi alls almennings, þ.e. fyrir, á og eftir meðgöngu, að þeirri þekkingu sem til er og stutt getur fólk á þessu tímabili. Þannig hefði mátt nefna þverfagleg teymi til stuðnings ljósmæðrum og þeim stéttum sem vinna sérfræðistörfin á þessum vettvangi.

Einnig hefði verið æskilegt að leggja áherslu á að nýta þær rannsóknir og þróun sem tekur til þessara tímabila á ævinni og æskilegt er að mynda þverfræðilegan faghóp um það. Jafnframt mætti undirstrika mikilvægi gæðastarfs og skráninga í samræmi við spurningar í rafrænni sjúkraskrá, en skráningar eru mismunandi vel útfærðar.

Heilbrigðisvísindasvið
Vatnsmýrarvegi 16
101 Reykjavík

Sími: 525 5946
Netfang: hvs@hi.is
Veffang: www.hi.is

Þrátt fyrir að spurningakönnun sem greint er frá í skýrslunni hefði þurft að vera stærri og svarhlutfall hærra, er ánægjulegt að niðurstöður hennar gefa m.a. til kynna að framboð á stoðþjónustu virðist almennt vera talið gott. Meðal annars aðgengi að sjúkraþjálfun, en aðkoma sjúkraþjálfara í tengslum við barneignaþjónustu er umtalsverð t.d. á Landspítala og sérstaklega í tengslum við áhættumeðgöngur. Konur í sængurlegu fá einnig þjónustu við ýmsum stoðkerfiseinkennum og náið samstarf er við heimaljósmæður sem hafa vísað til sjúkraþjálfara Landspítala konum með bráðavandamál (t.d. rófubeinsverki eftir fæðingu). Sjúkraþjálfarar með sérfræðiviðurkenningu á sviði kvennaheilsu starfa einnig á einkareknum stofum og sinna konum sem finna fyrir stoðkerfiseinkennum á meðgöngu og eftir barneignir. Önnur þjónusta sem sögð var vera til taks innan 30 mínútna ferðatíma var sálfræðiþjónusta og 83% svarenda sögðu að félagsráðgjöf stæði til boða innan þessa ferðatíma. Þó virðist sem næringarráðgjöf og reykleysisráðgjöf séu ekki eins aðgengileg, og leggja hefði mátt meiri áherslu að bæta úr því auk áherslu á þverfræðileg teymi til stuðnings og sem bakland þjónustunnar.

Virðingarfyllst

Inga Þórsdóttir prófessor

forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Heilbrigðisvísindasvið
Vatnsmýrarvegi 16
101 Reykjavík

Sími: 525 5946
Netfang: hvs@hi.is
Veffang: www.hi.is